

Lög Foreldrafélags Ártúnsskóla

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Ártúnsskóla.

2. grein

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í grunnskóla- og leikskóladeild Ártúnsskóla.

3. grein

Markmið félagsins er:

- að vinna að heill og hamingju nemenda og starfsfólks skólans og styrkja skólann í hvívetna,
- að efla samvinnu heimila og skóla,
- að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Markmiði sínu hyggst félagið ná með því að:

- veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum,
- standa fyrir viðburðum og skemmtikvöldum fyrir nemendur og forráðamenn,
- koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál almennt í samráði við skólann
- og koma fram með óskir um breytingar á starfi skólans eftir atvikum.

4. grein

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar, kosnir á aðalfundi til eins skólaárs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig að tilnefndur er formaður og gjaldkeri en önnur störf eru ákveðin eftir þörfum hverju sinni. Af stjórnarmönnum skal a.m.k. einn vera fulltrúi foreldra úr leikskóladeildinni. Stjórnin skal halda a.m.k. fjóra fundi á ári. Til að tryggja samfellu í starfi skal þess gætt að minnst tveir stjórnarmenn sitji áfram á næsta starfsári, þannig að ekki verði fleiri en þrír nýkjörnir árlega.

5. grein

Aðalfund skal halda fyrir 15. október ár hvert og skal hann boðaður með sannanlegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fundurinn telst löglegur ef rétt er til hans boðað. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
- Gerð grein fyrir fjárhagsafkomu félagsins og lagðir fram til samþykktar reikningar félagsins og tillaga um félagsgjöld
- Kosning stjórnar
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Lagabreytingar
- Önnur mál

6. grein

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði félagsgjöld til félagsins. Félagsgjöld skulu ákvörðuð á aðalfundi og innheimt árlega.

7. grein

Stjórnin skal hafa hvetjandi áhrif á samstarf bekkjarfulltrúa innan hvers árgangs. Ætlast er til að fulltrúar innan hvers bekkjardeildar hafi með sér samstarf.

8. grein

Foreldrafélagið kýs tvo fulltrúa foreldra í skólaráð, einn frá leikskóladeild og einn frá grunnskóladeild. Skólaráðsfulltrúi skal kosinn til tveggja ára í senn en einungis kosinn einn fulltrúi ár hvert svo að báðir fulltrúar foreldra fari ekki úr skólaráðinu á sama tíma.

9. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti atkvæða fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

10. grein

Félagið eða stjórn þess skal ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra forráðamanna og starfsmanna skólans.

11. grein

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta atkvæða á aðalfundi. Komi til þess renna allar eignir félagsins til foreldrastarfs innan annarra skóla í hverfinu.

12. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ártúnsskóli, 7. október 2025